

AKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 10/2019

2020/EES/48/10

frá 8. febrúar 2019

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/555 frá 9. apríl 2018 um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins til margra ára fyrir árin 2019, 2020 og 2021 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarks-gildi varnarefnaleifa og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu ⁽¹⁾.
- 2) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/555 fellir úr gildi, frá og með 1. september 2019, framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/660 ⁽²⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum frá og með 1. september 2019.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í inngangs-orðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við á eftir 149. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1648):

„150. **32018 R 0555:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/555 frá 9. apríl 2018 um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins til margra ára fyrir árin 2019, 2020 og 2021 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarks-gildi varnarefnaleifa og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu (Stjútíð. ESB L 92, 10.4.2018, bls. 6).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi verður bætt við 5. lið töflunnar í II. viðauka:

IS	12
NO	12

2. Texti 129. liðar (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/660) fellur brott frá og með 1. september 2019.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 92, 10.4.2018, bls. 6.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 94, 7.4.2017, bls. 12.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/555, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. febrúar 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. febrúar 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.